

Persónuverndaryfirlýsing

Frumkvöðlasjóðs Íslandsbanka

1. Almenn

Í persónuverndaryfirlýsingu þessari er því lýst hvernig Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka, kt. 670608-1230 (sjóðurinn) stendur að vinnslu og varðveislu persónuupplýsinga umsækjenda og styrkþega. Yfirlýsingin gildir eingöngu um einstaklinga en ekki lögaðila.

Öll vinnsla persónuupplýsinga fer fram í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlög).

2. Flokkar persónuupplýsinga og tilgangur

Sjóðurinn safnar eingöngu þeim persónuupplýsingum sem nauðsynlegar eru við framkvæmd umsókna og styrkveitinga í samræmi við reglur sjóðsins.

Eftirfarandi eru dæmi um þær upplýsingar sem sjóðurinn safnar í þessum tilgangi:

- Nafn
- Kennitala
- Heimilisfang
- Netfang
- Símanúmer
- Mynd
- Upplýsingar sem umsækjandi kann að veita í umsókn sinni t.d. um menntun og starfsferil
- Upplýsingar sem styrkþegi veitir í skýrslum sínum.

3. Heimild til vinnslu

Sjóðurinn vinnur framangreindar upplýsingar á grundvelli samþykkis og samnings við umsækjendur og styrkþega. Í einhverjum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar á grundvelli lögmætra hagsmuna t.d. þegar notast er við vinnsluáðila eða umsóknir eru bornar undir sérfræðinga á því sviði sem sótt er um, sjá nánar í næsta kafla.

4. Öflun og miðlun persónuupplýsinga

Þær persónuupplýsingar sem sjóðurinn vinnur með berast í flestum tilvikum frá einstaklingnum sjálfum í umsókn, tölvupóstum og í símtölum. Símtöl sem fara fram í gegnum símkerfi Íslandsbanka kunna að vera hljóðrituð.

Það geta komið upp aðstæður þar sem nauðsynlegt er að afla upplýsinga frá þriðja aðila t.d. þjóðskrá eða stöðu viðkomandi í vanskilaskrá. Ávallt er þó aflað skriflegs samþykkis frá umsækjanda áður en staða hans í vanskilaskrá er könnuð.

Farið er með framangreindar upplýsingar sem trúnaðarmál. Upplýsingarnar eru almennt eingöngu aðgengilegar stjórnarmönnum sjóðsins og úthlutunarnefnd hans nema í sérstökum tilfellum t.d. þegar það er nauðsynlegt að bera umsókn undir sérfræðinga á því sviði sem sótt er um eða með vinnsluáðilum sjóðsins þegar það er nauðsynlegt s.s. skýjaþjónustum og

hýsingaraðilum. Ef persónuupplýsingar eru fluttar út fyrir Evrópska efnahagssvæðið er ávallt gengið úr skugga um að þær séu verndaðar með sama hætti og innan þess.

Athugið að sjóðurinn mun birta opinberlega upplýsingar um þau verkefni sem hljóta styrk s.s. lýsingu á verkefninu, nafn þess og mynd af þeim sem að þeim standa.

5. Varðveisla persónuupplýsinga

Umsóknir eru almennt varðveittar í þrjú ár frá móttöku. Upplýsingar um styrkþegar og verkefni eru varðveittar í fimm ár frá umsóknardegi.

6. Öryggi

Upplýsingarnar eru varðveittar í kerfum Íslandsbanka sem hefur innleitt ISO/IEC 27001 staðal um upplýsingaöryggi og hefur gefið út reglur um aðgangstakmarkanir, raunlægt öryggi, öryggi upplýsingakerfa o.fl. Fyllsta öryggis er einnig gætt við alla miðlun upplýsinganna. Sjá nánar um aðgang að upplýsingunum og miðlun þeirra í kafla 4.

7. Réttur einstaklinga

Persónuverndarlög mæla fyrir um ýmis réttindi einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Vakin er athygli á að sum þessara réttinda kunna að takmarkast af ýmsum ástæðum en allar beiðnir verða teknar til skoðunar og gerð verður grein fyrir því ef ekki verður hægt að verða við þeim. Tekið skal fram að sjóðnum getur reynst ómögulegt að taka umsókn til meðferðar eða veita styrk nema að vinna þær upplýsingar sem um er beðið. Réttindi þessi eru eftirfarandi:

- Aðgangur að eigin persónuupplýsingum
- Leiðrétting persónuupplýsinga
- Eyðing
- Takmörkun á vinnslu
- Flutningsréttur
- Andmælaréttur
- Afturköllun samþykkis

Öllum beiðnum skal beint til frumkvodlasjodur@islandsbanki.is. Skilyrði þess að hægt sé að taka beiðni til skoðunar er að beiðandi sanni á sér deili.

Athugasemdum vegna vinnslu persónuupplýsinga hjá sjóðnum er hægt að beina á sama netfang.

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og úrskurðar í ágreiningsmálum á sviði persónuverndar. Hægt er leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd sem hér segir:

Persónuvernd,
Rauðarárstígur 10,
105 Reykjavík
postur@personuvernd.is